

L Ö G**48**

23. júní

um

framlenging á gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu
h/f Eimskipafélags Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Gildi laga nr. 33, 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Ís-
lands, framlengist fyrir árin 1933 og 1934.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.